



Umsögn SAF - Samtaka ferðaþjónustunnar um 1035 mál, tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2025-2029.

Hinn 16. apríl sl. lagði fjármála- og efnahagsráðherra fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2025-2029. Með henni leggur ráðherra fjármálaáætlun til næstu fimm ára og er hún lögð fram á grundvelli gildandi fjármálastefnu. Hún felur í sér annars vegar greiningu á horfum í efnahagsmálum og fjármálum opinberra aðila í heild og hins vegar markmið og áætlun um fjármál ríkis, sveitarfélaga og félaga í eigu þeirra. Fjármálaáætluninni var vísað til fjárlaganefndar og með tölvupósti óskaði nefndin eftir því að Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) veitti nefndinni umsögn um fjármálaáætlun. Á vettvangi SAF hefur tillagan verið yfirfarin og verður í umsögn þessari fjallað um þau atriði hennar og greinargerðar við hana sem ástæða þykir að vekja athygli á og gera athugasemdir við.

SAF benda á að um þessar mundir eru blikur á lofti í íslenskri ferðaþjónustu. Meðaldvalarlengd erlendra ferðmanna hefur dregist hratt saman á fyrsta ársfjórðungi ársins miðað við sama tíma í fyrra. Þá er bóknarstaða gististaða almennt verri út árið miðað við sama tíma í fyrra. Vísitala raungengis íslensku krónunnar á mælikvarða hlutfallslegs verðlags mældist hærra í janúar, febrúar og mars síðastliðnum samanborið við sömu mánuði í fyrra. Ísland varð því hlutfallslega dýrari áfangastaður á fyrsta ársfjórðungi ársins miðað við í fyrra í samanburði við helstu viðskiptalönd. Þannig hefur dregið smám saman úr samkeppnishæfni Íslands á alþjóðamörkuðum.

Ferðamálastefna og aðgerðaáætlun menningar- og viðskiptaráðherra til ársins 2030

Stjórnvöld verða að hafa ofangreint í huga þegar um framtíð ferðaþjónustunnar er að ræða ásamt þeirri staðreynd að í fyrsta sinn hér á landi hefur ferðamálastefna nú verið aðgerðabundin með tillögu til þingsályktunar sem liggur fyrir Alþingi. Menningar- og viðskiptaráðherra reið á vaðið á vormánuðum 2023 með skipun sjö starfshópa ásamt stýrihópi sem lögðu fram tillögur að aðgerðum í aðgerðaráætlun fyrir ferðamálastefnu til ársins 2030. Áherslur aðgerðaráætlun ferðamálastefnu til ársins 2030 má sjá að einhverju leyti í nýútkominni fjármálaáætlun en skýrt er að henni fylgir ekki fjárveiting við hæfi. **SAF telja það skjóta skökku við að loksins þegar slíkum áfanga er náð tryggji fjármálaáætlun aðgerðum aðgerðaráætlunarinnar ekki meira fjármagn en raun ber vitni.** Án þess er erfitt að sjá hvernig stjórnvöld ætla að vinna samkvæmt aðgerðaáætluninni miðað við eigin framtíðarsýn og meginmarkmið um málaflokk ferðaþjónustu, sem kveður á um að atvinnugreinin eigi að vera leiðandi í sjálfbærri þróun.

Samantekt helstu athugasemda:

- SAF telja nauðsynlegt, nú líkt og áður, að auknu fjármagni verði veitt til markvissra rannsókna um ferðaþjónustu enda eru þær lykilatriði fyrir framtíðarverðmætasköpun atvinnugreinarinnar.
 - Öflugar rannsóknir eru forsenda þess að hægt sé að fylgjast vel með þeim breytingum sem eiga sér stað á náttúruauðlindum fjölsótttra ferðamannastaða við nýtingu ferðaþjónustu út frá öllum hliðum sjálfbærni.

- Hvorki Ferðamálastofa né Umhverfisstofnun, né Þingvallaþjóðgarður og Vatnajökulsþjóðgarður, hafa fjárhagslega burði til að vinna og þróa áfram ástandsmat til að meta þolmörk og bregðast við álagi á ferðamannastöðum.
- SAF leggja til að fjármagni verði forgangsraðað í fjármálaáætlun til rannsókna og gagnaöflunar á ferðamannastöðum.
 - SAF kalla eftir að auknu fjármagni verði úthlutað sérstaklega til aðgerðar menningar- og viðskiptaráðherra um þróun verkfærakistu til að meta þolmörk og bregðast við álagi á ferðamannastöðum.
- SAF leggja til að gistináttaskattur verði afnuminn að fullu, líkt og í fyrri umsögnum.
- SAF benda á að nýtt kílómetragjald sem lagt er til mun að óbreyttu lenda sem nýr skattur á bílaleigum.
- SAF leggja áherslu á að neytendamarkaðssetning til ákjósanlegra markhópa erlendra ferðamanna verði tryggt fyrir áfangastaðinn Ísland.
 - Markviss neytendamarkaðssetning getur ýtt undir að Ísland laði að sér, í meiri mæli, þá markhópa sem skilgreindir hafa verið ákjósanlegir fyrir áfangastaðinn. Það eru hópar þeirra erlendu ferðamanna sem tilbúnir eru að dvelja lengur, ferðast víðar, sækja í sérhæfðari ferðaþjónustu og heimsækja landið utan háannar.

Rannsóknir í ferðaþjónustu

Ferðaþjónusta er atvinnugrein sem byggir sína sókn að miklu leyti á náttúruauðlindum lands og þjóðar. 97% ferðamanna sem heimsóttu Ísland árið 2023 sögðu aðspurðir að náttúra landsins hefði haft áhrif að miklu eða einhverju leyti á ákvörðun sína um Íslandsför, skv. árlegri könnun Ferðamálastofu (FMST) meðal erlendra ferðamanna¹. Atvinnugreinin á því nær allt undir að nýting náttúrunnar sé byggð á vísindalegri nálgun með sjálfbærni að leiðarljósi og að upplifun ferðamanna hérlendis standist væntingar. SAF fagna áherslum nýútgefinnar fjármálaáætlunar á aðgerðaráætlun menningar- og viðskiptaráðherra sem byggir á ferðamálastefnu til 2030 þar sem rannsóknir og gagnaöflun eru í forgrunni. SAF telja því á sama tíma illskiljanlegt að í fjármálaáætluninni sé jafn lítil áhersla á rannsóknir um ferðaþjónustu og raun ber vitni. Vert er að staldra við og spyrja hvernig íslensk ferðaþjónusta eigi að vera leiðandi í sjálfbærri þróun á grunni jafnvægis á milli efnahags-, umhverfis- og samfélagslegra þátta án rannsókna og gagnaöflunar um atvinnugreinina? Framtíðarsýn og meginmarkmið fjármálaáætlunar fara ekki heim og saman við úthlutun fjármagns til málaflokks 14 um ferðaþjónustu. Þær breytingar til hækkunar á útgjaldaramma málaflokksins í heild – sem þó eru inni í áætluninni – munu duga skammt til umbóta, sér í lagi ef litið er til þess kostnaðarmats sem fram kemur í tillögu menningar- og viðskiptaráðherra til þingsályktunar um ferðamálastefnu og aðgerðaráætlun til ársins 2030. Öflugar rannsóknir eru forsenda þess að hægt sé að fylgjast vel með þeim breytingum sem eiga sér stað á ferðamannastöðum við sókn atvinnugreinarinnar, hvort sem um er að ræða á íslensku umhverfi, íslensku samfélagi eða í tengslum við íslenskan efnahag. **SAF telja nauðsynlegt, nú líkt og áður, að farið verði í hnitmiðari rannsóknir um ferðaþjónustu enda séu þær lykilatriði fyrir framtíðarverðmætasköpun atvinnugreinarinnar.**

Fyrrgreind könnun FMST meðal erlendra ferðamanna gefur vísbendingu um að óánægja með fjölda ferðamanna á ferðamannastöðum landsins hafi aukist frá fyrra ári. Þar að auki mældist meðmælaskor ferðamanna fyrir áfangastaðinn Ísland 77,5 árið 2023 og er nú lægra en það hefur mælst í fyrri könnunum, til að mynda var skorið 82 árið þar á undan. Þessi tiltekna landamærakönnun FMST gefur hins vegar aðeins

¹ Sjá <https://www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/frettir/hvad-gerdu-erlendir-ferdamenn-i-fyrra-1>

takmarkaða mynd af ferðavenjum og upplifun erlendra ferðamanna hér á landi. Hún varpar til dæmis ekki ljósi á hver staðan er á einstökum fjölsóttum ferðamannastöðum. Hvernig ætlar hið opinbera að fylgja eftir framtíðarsýn sinni og meginmarkmiðum um málaflokk ferðaþjónustu án þess að vita hver raunveruleg staða er á ferðamannastöðum hér á landi?

Þolmörk ferðamannastaða hafa almennt verið skilgreind í ferðamálafræði sem:

[S]á hámarks fjöldi fólks sem geta notað áfangastað án þess óásættanlega breyting verði á umhverfinu og án þess að óásættanleg hnignun verði á gæðum upplifunar ferðamanna.

Út frá þolmörkum ferðamannastaða þarf að svara fyrir hvern og einn stað, sem eru almennt ólíkir, spurningum á borð við: Er ágangur fólks orðinn það mikill að mörkum um ásættanlegar breytingar á viðkomandi ferðamannastað er náð? Hvenær er þröng (e. crowding) á ferðamannastað orðin það mikil að upplifun gesta fer versnandi? Er vegna þessa þörf á álagsstýringu á viðkomandi ferðamannastöðum? Hvernig á að meta þá þörf, hvaða gögn á að miða við og horfa til? Sé talin þörf á stýringu á ferðamannastað, hvaða fyrirkomulagi álagsstýringar á að beita? Allar þessar spurningar kalla á rannsóknir, gögn og vísindalega þekkingu til að hægt sé að svara þeim og að ákvarðanir fyrir viðkomandi ferðamannastaði geti verið teknar með ábyrgum hætti. Enda byggir sjálfbær nýting náttúruauðlinda – þar á meðal ferðamannastaða – fyrst og fremst á góðri vísindapekkingu.

Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands – meðal annars á ferðamannastöðum – falla undir málaflokk 17 um umhverfismál. Nú er það svo að Umhverfisstofnun (UMST) vinnur ástandsmat á áfangastöðum innan friðlýstra svæða á ári hverju. Árið 2016 gerðu UMST og Stjórnstöð ferðamála með sér samning um að UMST myndi hanna og þróa verkfæri sem nýta mætti til að leggja mat á svæði sem væru undir álagi vegna gestasóknar. Þetta verkfæri hefur nú verið notað sjö ár í röð til að meta ástand ferðamannastaða innan friðlýstra svæða og skiptist matið í þrjá meginhluta: skipulag, innviði og verðmæti. Skortur hefur verið á að verkfærið taki í meiri mæli tillit til sóknar atvinnugreinarinnar á ferðamannastaði og þar með þolmarka þeirra með heildrænni hætti.

Í ferðamálastefnu og aðgerðaráætlun menningar- og viðskiptaráðherra til ársins 2030 er aðgerð sem snýr að þróun verkfærakistu til að meta þolmörk og bregðast við álagi á ferðamannastöðum. SAF telja mikilvægt að ástandsmat UMST verði grunnverkfæri í þeirri kistu og að nauðsynlegt sé að FMST komi að framtíðarþróun hennar. Hægt er meðal annars að útvíkka ástandsmat UMST þannig að það taki tillit til upplifun gestafólks á ferðamannastöðum og framkvæmdar séu kannanir um ferðavenjur og viðhorf ferðamanna á viðkomandi stöðum með reglubundnum hætti, líkt og FMST hefur gert fyrir landið í heild. Ástandsmat UMST nær nú þegar til 144 ferðamannastaða innan friðlýstra svæða og er því góður grunnur til að byggja áfram á. **SAF kalla eftir að auknu fjármagni verði úthlutað sérstaklega til aðgerðar menningar- og viðskiptaráðherra um þróun fyrrgreindrar verkfærakistu og skapaður verði sameiginlegur vettvangur innan stjórnkerfisins fyrir FMST og UMST.** Þannig að viðkomandi stofnanir fái fjárhagslegt svigrúm til að þróa áfram og vinna heildrænt ástandsmat á fjölsóttum ferðamannastöðum út frá öllum hliðum skilgreindra þolmarka þeirra á ári hverju. Eins og staðan er í dag hafa hvorki FMST né UMST, né þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Vatnajökulsþjóðgarður, fjárhagslega burði til að þróa áfram ástandsmat eða verkfærakistu til að meta þolmörk og bregðast við álagi á ferðamannastöðum. **SAF leggja til að fjármagni verði forgangsraðað í fjármálaáætlun til rannsókna og gagnaöflunar á ferðamannastöðum til málaflokka ferðamála og umhverfismála.**

Ferðaþjónusta er enn langstærsta stoð útflutnings, eins og kemur ítrekað í fjármálaáætluninni og þarf ekki að fara mörgum orðum um útflutningstekjur þjóðarþúsins sem skipta sköpum þegar kemur að lífsskjörum íslensku þjóðarinnar. Skattspor ferðaþjónustunnar var rúmir 150 milljarðar króna árið 2022 og gera má ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af verðmætasköpun greinarinnar hafi verið enn hærra árið 2023 og verði á svipuðum slóðum í ár. **SAF hafa margendurtekið bent á skort á fjármagni til rannsókna og gagnaöflunar almennt um ferðaþjónustu, sér í lagi í samhengi við þær tekjur sem atvinnugreinin skilar til ríkissjóðs á ári hverju.** Það verður brýnna með hverju árinu sem líður að tryggja fullnægjandi fjármagn til nauðsynlegra rannsókna og gagnaöflunar á ferðamannastöðum hér á landi.

Gjaldtaka af ferðaþjónustu

SAF telja það skjóta skökku við að fjallað sé um gjaldtöku til að stuðla að sjálfbærni ferðamannastaða í nýútkominni fjármálaáætlun með jafn óútfærðum hætti og gert er. Erfitt er að sjá hvernig slík vinnubrögð séu í samræmi við grunnildi laga nr. 123/2015 um opinber fjármál sem snúa að stöðugleika og festu. Í fjármálaáætluninni segir:

Til skoðunar er að gera breytingar á gjaldtöku ferðamanna í samræmi við vinnu starfshóps á vegum menningar- og viðskiptaráðuneytis. Ferðaþjónustan hefur haft nær óheftan aðgang að náttúruauðlindum, sem er ein helsta söluvara greinarinnar, með tilheyrandi álagi á náttúru og innviði landsins. Vísbendingar eru um að á sumum ferðamannastöðum sé álagið nú þegar komið að eða yfir þölmörk, a.m.k. á háannatímum. Af þeim ástæðum er til skoðunar að setja á fót gjaldtöku sem stuðlar að sjálfbærni ferðamannastaða þannig að fjöldi þeirra verði í samræmi við þölmörk náttúruauðlinda, innviða og samfélagsins í heild. Samhliða þeirri vinnu er gert ráð fyrir endurskoðun á gistináttagjaldi.

Hér verður að teljast að um stefnumarkandi aðgerð sé að ræða varðandi gjaldtöku ferðamanna sem lögum um opinber fjármál samkvæmt skal byggjast á traustum forsendum og gögnum. Það vekur furðu að hvorki séu lögð fram gögn né forsendur til grundvallar jafn umfangsmiklum breytingum og fjármálaáætlun lýsir áformum um. Vísbendingar segja aðeins hálfá söguna. **SAF kalla eftir því að vinna þess starfshóps skipaður verður á vegum menningar- og viðskiptaráðuneytis varðandi gjaldtöku ferðamanna haldist í hendur við þróun verkfærakistu til að meta þölmörk og bregðast við álagi á ferðamannastöðum.** Taka verður tillit til sérstöðu hvers ferðamannastaðar eigi tilsett markmið um sjálfbærni að nást enda eru þeir almennt ólíkir, eftirspurn eftir þeim misjöfn og áskoranir fjölbreyttar.

Hinar ýmsu opinberu stofnanir, líkt og UMST, þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Vatnajökulsþjóðgarður, sem best þekkja tilheyrandi ferðamannastaði hafa nú þegar lagalega heimild til að ákveða sérstök gjöld fyrir aðgang að viðkomandi stöðum². Það orðalag sem valið er í fjármálaáætlun gefur til kynna að áformin snúi að nýrri almennri gjaldtöku sem stuðla eigi að sjálfbærni ferðamannastaða. Séu áformin slík er ekki um að ræða gjaldtöku í tengslum við álagsstýringu á einstökum stöðum heldur almenna skattheimtu. **SAF áréttu að almennur skattur af ferðamönnum er ekki álagsstýring fyrir tiltekna ferðamannastaði heldur aðeins tekjuöflun fyrir ríkissjóð.** Afar mikilvægt er að greina þar á milli.

² Sjá meðal annars heimildir Umhverfisstofnunar í 92. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013, heimildir Vatnajökulsþjóðgarðs í 21. gr. laga nr. 60/2007 og heimildir þjóðgarðsins á Þingvöllum í 7. gr. laga nr. 47/2004. Þá vilja SAF benda á lög nr. 100/2001 um nýtingu á landi í eigu ríkisins í atvinnuskyni og viðkomandi heimildir sem þeim fylgja.

Þá eru meðal annars í gildi samningar þar sem ferðaþjónustufyrirtæki greiða fyrir nýtingu á náttúruauðlindum, í formi sérleyfa og rekstrarleyfa. Hægt er að nefna sem dæmi þá samninga sem gerðir eru varðandi rekstur fyrirtækja í ferðaþjónustu við Vatnajökulsþjóðgarð vegna starfrækslu íshellaferða og jökklagangna á suðursvæði þjóðgarðsins. Til viðbótar greiða fyrirtæki, og gestir þeirra sem eru með samning um íshellaferðir eða jökklagöngur, svæðisgjöld á Breiðamerkursandi ef bifreiðum þeirra er ekið um þau bílastæði. Hugmyndir liggja fyrir að breyttu fyrirkomulagi þar sem greitt verði jafnframt fast gjald fyrir hvern viðskiptavin fyrirtækis sem fer í íshellaferð eða jökklagöngu í Vatnajökulsþjóðgarði. Slíku gestagjaldi yrði ætlað að standa straum af kostnaði við innviðauppbýggingu, svo sem við viðhald og viðgerð vega, og felur í sér að fyrirtæki greiði í samræmi við umfang starfsemi sinnar og álag á náttúru og innviði. Þannig yrði fyrirkomulagið því að endingu með þeim hætti að þeir gestir borga sem njóta. Hugmyndir sem þessar þarfnast frekara samtals við hagsmunaaðila en sýna hvernig viðkomandi stofnanir geta nýtt núverandi lagaheimildir til ákvörðunar um gjaldtöku í tengslum við álagsstýringu og uppbyggingu á ferðamannastöðum með sjálfbærni hinna einstöku staða að leiðarljósi. Hins vegar hefur óvissa um hvernig gjaldtöku verði háttáð neikvæð áhrif á stöðugleika í rekstrarumhverfi ferðaþjónustufyrirtækja, enda fylgir yfirvofandi óvissa þeirri staðreynd að óljóst er hvenær og hvernig viðkomandi stofnanir ætla sér að beita lagalegum heimildum sínum.

Fyrirgreindur starfshópur sem verður skipaður þarf að fá það hlutverk að setja markvissa stefnu um hvenær og hvernig skuli beita heimildum til gjaldtöku á ferðamannastöðum í traustu samráði við atvinnugreinina sjálfa með tilliti til aðgerðaráætlun menningar- og viðskiptaráðherra um ferðamálastefnu. **SAF vilja undirstrika mikilvægi þess að sýnd verði varfærni við allar stefnumarkandi aðgerðir líkt og gjaldtöku á ferðamenn.** Ferðamenn eru almennt næmir fyrir verðbreytingum og auðvelt er að verðleggja íslenska ferðaþjónustu út af alþjóðamörkuðum. Þegar sértækir skattar eða gjöld eru lagðir á atvinnugreinar líkt og ferðaþjónustu þarf að huga að samkeppnishæfni viðkomandi greina enda er augin opinber álagning ekki til þess fallin að greiða leið fyrirtækja við verðmætasköpun. Almennt verður einnig að huga að því að skattar og gjöld séu ekki lögð á eða þeim breytt til hækkunar fyrirvaralaust án samráðs við atvinnugreinina þar sem rekstur ferðaþjónustu er almennt skipulagður langt fram í tímann. Þó Ísland sé stórasta land í heimi er áfangastaðurinn ekki einn um það að búa yfir náttúruauðlindum á heimsmælikvarða.

Sjálfbær nýting ferðamannastaða byggir á vísindabekkingu sem kallar á rannsóknir og gagnaöflun um þær breytingar sem verða á ástandi viðkomandi staða og upplifun gesta við sókn ferðaþjónustu. Samhengi rannsókna, gagna og ákvarðana um gjaldtöku á ferðamannastöðum verður að vera skýrt og fyrirsjáanleiki tryggður. Meginreglur um nýtingu lands í eigu ríkisins segja, skv. lögum nr. 100/2001 um nýtingu á landi í eigu ríkisins, að leggja skuli skýra áherslu á, skilvirka og hagkvæma nýtingu sem og gagnsæi, hlutlægni og jafnræði við ákvarðanatöku. Þessum meginreglum þarf að fylgja. **SAF ítreka mikilvægi þess að fjármagni verði forgangsraðað í fjármálaáætlun til rannsókna og gagnaöflunar á ferðamannastöðum til málaflokka ferðamála og umhverfismála.** SAF hvetja að auki eindregið til þess að stjórnvöld marki sér stefnu um gjaldtöku á ferðamannastöðum.

Afnám gistináttaskatts

SAF fagna áformum um endurskoðun á gistináttaskatti en telja líkt og áður að það eigi að afnema hann óháð annarri vinnu á vegum menningar- og viðskiptaráðuneytisins. Gistináttaskattur brengrar samkeppnisstöðu ólíkra tegunda gististaða á innlendum mörkuðum og skerðir samkeppnishæfni áfangastaðarins á alþjóðamörkuðum þar sem skatturinn er ekki innheimtur á öðrum Norðurlöndum en Íslandi. Aukinheldur fellur markmið 1. gr. laga nr. 87/2011 um gistináttaskatt um sjálft sig þar sem erfitt er

að sjá hvernig hann stuðlar að verndun fjölsótttra ferðamannastaða, friðlýstra svæða og þjóðgarða, í lögnum segir:

Markmið laga þessara er að afla tekna til að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun fjölsótttra ferðamannastaða, friðlýstra svæða og þjóðgarða. Jafnframt að afla tekna til þess að tryggja öryggi ferðamanna og vernda náttúru landsins.

Skatturinn hefur í fyrsta lagi ekki áhrif á hvernig ferðamenn sem komnir eru til landsins á hverjum tíma ferðast um náttúruauðlindir eða einstaka ferðamannastaði. Í öðru lagi var eyrnamerkingu skatta eða mörkun skatttekna hins opinbera hætt með lögum um opinber fjármál sem tóku í gildi árið 2016. Þar af leiðandi er heldur ekki tryggt að skatttekjur hins opinbera af gistináttaskatti renni beint til uppbyggingar eða viðhalds á ferðamannastöðum, friðlýstum svæðum eða þjóðgördum, eins og upphafleg markmið lagasetningarinnar stóðu til. **SAF leggja til að gistináttaskattur verði afnuminn að fullu, líkt og í fyrri umsögnum.**

Um kílómetragjald fyrir bílaleigur

Á síðasta ári var sett á svokallað kílómetragjald á rafmagns- og tengiltvinnbíla. Í fjármálaáætlun er boðað að frá og með 1. janúar 2025 verði slíkt gjald lagt á alla bíla, þar með talið bensín- og díselbíla. SAF benda á að gjaldið er uppsett fyrir einstaklinga en alls ekki fyrir stórnotendur og síst fyrir bílaleigur. Yfir 60% þeirra ferðamanna sem koma til landsins ferðast um áfangastaðinn Ísland með bílaleigubílum, skv. landamærakönnun FMST. Dreifing erlendra ferðamanna um allt landið byggir þannig að miklu leyti á notkun bílaleigubíla.

Kílómetragjaldið eins og það er hugsað í dag er með þeim hætti að bílaleigur eiga erfitt með að leggja skattinn á leigjanda og þar með notanda bílsins. Gjaldið endar því sem enn einn auka skattur á bílaleigurnar sjálfar og sá sem notar borgar það því ekki. Útfærslan endar því sem beinn skattur ofan á þau gjöld sem nú þegar er verið að leggja á eigendur ökutækja. Það að endurskoða eldsneytisskatta til lækkunar hefur ekki jákvæð áhrif á bílaleigurnar enda lenda eldsneytisskattar ekki á bílaleigum heldur viðskiptavinum þeirra. Eins og gjaldið er hugsað í dag þá mun það verða til þess að hækka útleiguverð til viðskiptavinarins og gjaldið á bílaleiguna sjálfa. Auk þess er engin leið fyrir bílaleigurnar að hafa gjaldið gagnsætt fyrir leigjendur enda er ekki vitað hvað gjaldið er í upphafi útleigutímans.

Um síðustu áramót fórum um 2000 bílar í kílómetragjaldaumhverfið hjá bílaleigunum en um áramótin mun það lenda á alls 30.000 bílum sem keyra hátt í hundruð milljóna km á hverju ári, hátt í milljarð km. Það reiknast sem mjög margar krónur sem leggjast þá beint á bílaleigurnar sjálfar. Með þessu er verið að skattleggja bíleigurnar með umtalsverðum hætti. Stjórnvöld verða að gefa bílaleigum einhvern frest á innleiðingu þessa gjald enda verðleggur ferðaþjónustan sig langt fram í tímann. Öll verð fyrir næsta ár hafa nú þegar verið send á söluaðila erlendis og með óbreyttu þá lendar gjaldið beint sem aukaskattur á bíleigunum sjálfum. Samtök ferðaþjónustunnar hafa ítrekað og með þungri áherslu vakið athygli á því að það er algerlega ótækt að svona notendaskattar séu lagðir á ferðaþjónustufyrirtæki með skemmri fyrirvara en 12 mánuðum.

Neytendamarkaðssetning fyrir ferðapjónustu

Íslensk ferðapjónusta stendur frammi fyrir þeirri staðreynd að engu opinberu fé er ætlað að renna til neytendamarkaðssetningar erlendis fyrir ferðamenn það sem eftir er af árinu 2024 og út tímabil nýútkominnar fjármálaáætlunar. Almenn markaðs- og kynningarstarf hins opinbera fyrir áfangastaðinn Ísland og íslenska ferðapjónustu fer fram hjá Íslandsstofu lögum samkvæmt, líkt og fyrir aðrar útflutningsatvinnugreinar þjóðarinnar. Íslandsstofa flokkar markaðs- og kynningarstarf almennt eftir þremur meginflokkum fyrir ferðapjónustu, þeir eru neytendamarkaðssetning, viðskiptatengsl og framleiðslukostnaður³. Þessar aðgerðir eru háðar fjárveitingu fjárlaga hverju sinni og því markaðsgjaldi sem lagt er á gjaldstofn tryggingagjalds sem greitt er af íslenskum fyrirtækjum árlega. Aftur á móti, hefur skapast hefð fyrir því að neytendamarkaðssetning til erlendra ferðamanna sé fjármögnuð að mestu með sérstökum þjónustusamningum um átaksverkefni í neytendamarkaðssetningu á milli Íslandsstofu og viðkomandi ráðuneyta.

Það er verulegt áhyggjuefni að eftir að fjármagn sem veitt var til átaksverkefnisins Ísland – Saman í sókn árin 2020 til 2022 var uppurið hefur nær engu fjármagni verið veitt til neytendamarkaðssetningar fyrir ferðapjónustu. Aðeins varnarráðstöfun menningar- og viðskiptaráðherra upp á 100 milljónir króna til að svara og leiðrétta erlendan fréttaflutning um stöðuna á áfangastaðnum Íslandi í kjölfar eldsumbrotanna á Reykjanesi. Jafnframt er það svo að það fjármagn sem þó hefur runnið til neytendamarkaðssetningar í ferðapjónustu hefur verið almennt umtalsvert lægra á hverja milljón erlendra ferðamanna en það sem tíðkast á ári hverju hjá helstu samkeppnislöndum. Þó að fjöldi erlendra ferðamanna komi til Íslands á ári hverju er það alls ekki svo að þeir markhópar sem áfangastaðurinn telur ákjósanlegasta skili sér til landsins. Það virðist oft falla á milli skips og bryggju að Ísland er í harðri alþjóðlegri samkeppni um erlenda ferðamenn. Markviss neytendamarkaðssetning getur ýtt undir að Ísland laði að sér, í meiri mæli, þá markhópa sem skilgreindir hafa verið ákjósanlegir fyrir áfangastaðinn. Það eru hópar þeirra erlendu ferðamanna sem tilbúnir eru að dvelja lengur, ferðast víðar, sækja í sérhæfðari ferðapjónustu og heimsækja landið utan háannar. Klisjan gæði umfram magn skiptir hér máli og markaðssetning til þeirra markhópa sem áfangastaðurinn Ísland vill sækja heim sömuleiðis.

Í ferðamálastefnu og aðgerðaráætlun menningar- og viðskiptaráðherra til ársins 2030 er aðgerð sem snýr að markvissri og viðvarandi markaðssetningu á Íslandi sem áfangastað ferðamanna. Kostnaðarmat þeirrar aðgerðar er 300 milljónir króna á ári í neytendamarkaðssetningu. Skv. c-lið 2.gr. laga nr. 38/2010 um Íslandsstofu, sjálfseignarstofnun kemur fram að hlutverk Íslandsstofu er „að laða erlenda ferðamenn til landsins með samræmdu kynningar- og markaðsstarfi“. Tryggja þarf að Íslandsstofa sinni þessu lögbundna hlutverki sínu með markvissa neytendamarkaðssetningu til ákjósanlegra markhópa í forgrunni. Þeirri nálgun sem hingað til hefur ráðið för, að átaksverkefni séu sett á fót aðeins þegar þörf er talin á vegna ytri áhrifa líkt og eldsumbrota eða heimsfaraldur, verður að linna. Þess í stað þarf að tryggja nægjanlegt fjármagn til lengri tíma fyrir neytendamarkaðssetningu fyrir áfangastaðinn Ísland svo hægt sé að byggja upp jafnt og þétt samtal við erlenda ferðamenn á verðmætum mörkuðum fyrir áfangastaðinn Ísland.

SAF telja ótækt að íslensk ferðapjónusta sitji á nýjan leik uppi með Svarta Pétur af þessu tagi enda mikil sóknarfæri til staðar þegar kemur að beinni markaðssetningu til erlendra ferðamanna. **SAF krefjast þess að stjórnvöld og Íslandsstofa finni leið til að tryggja samfellda neytendamarkaðssetningu á áfangastaðnum**

³ Neytendamarkaðssetning er auglýsingar, almannatengsl, samfélagsmiðlar, viðburðir, vefsíður, áhrifavaldar, samstarfsverkefni og annað kynningarefni. Viðskiptatengsl eru sýningar, vinnustofur og önnur samskipti við erlenda heildsala og framleiðslukostnaðurinn er stefnumótun, hugmyndavinna og framleiðsla á kynningarefni.

Íslandi til ákjósanlegra markhópa erlendra ferðamanna. Áfangastaðurinn Ísland ætti ávallt að segja sína sögu sjálfur með beinum hætti til neytenda og stunda markvissa sókn á verðmæta markaði.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, reading "Jóhannes Þór Skúlason". The signature is written in a cursive, flowing style.

Jóhannes Þór Skúlason
framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar